

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/779  
komudagur 23.1.2009



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 20. janúar 2009.

**Umsögn BSRB um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, þskj. 291 - 216. mál.**

BSRB telur afar jákvætt að umrætt frumvarp sem tekur heildstætt á skipulagi framhaldsfræðslu í landinu og tryggir þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna framkvæmdar hennar verði fest í lög. Með þessu frumvarpi eru lögbundnar skyldur ríkisins vegna fræðslu fólks á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu auknar, auk þess sem föstu skipulagi er komið á slíka fræðslu. Sérstaklega er mikilvægt að raunfærnimat og einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf mun taka til alls vinnumarkaðarins ef frumvarpið verður að lögum.

BSRB styður frumvarpið með því skilyrði að aðkoma bandalagsins að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) verði tryggð og frágengin en í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að FA muni annast margvísleg verkefni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Þá er ljóst skv. athugasemdunum að forsenda þess að sátt verði um lögin er sú að þau leiði ekki til skerðingar á hlut félagsmanna ASÍ og annarra sem notið hafa framlaga til fullorðinsfræðslu úr ríkissjóði. Stuðningur BSRB við frumvarpið er því háður því að bandalagið verði aðili að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og að framlög til fræðslusjóðsins taki mið af því að fjárveitingar og framlög til verkefna sem unnin verða skv. þjónustusamningi við FA eiga einnig að nýtast félagsmönnum BSRB.

Fyrir hönd BSRB,

  
Helga Jónsdóttir